


Sumarstarfsemi Landspítala 2020

Á Landspítala verða opin talsvert fleiri legurými í sumar en undanfarin ár og verða að meðaltali 15 fleiri rúm á legudeildum opin (7 daga rúm) en voru sumarið 2019 þegar litið er til mánaðanna júní, júlí og ágúst. Að meðaltali verður 91,2% allra rúma opin þessa sumarmánuði. Til samanburðar var 89,7% rýma opin að meðaltali þessa sumarmánuði árið 2019.

Hefðbundin fækkun opinna sjúkrarýma mun hefjast um miðjan júní og standa fram í miðjan ágúst og verður mesta fækkunin í júlí og fram yfir verslunarmannahelgi eins og undan farin ár en fleiri rúm opin en undanfarið ár. Að meðaltali verða lokuð 57 rúm í sumar og í mestu lokununum síðustu tvær vikurnar í júlí verða 90 og 91 rúm lokuð af 652 rúmum Landspítala. Sumarið 2019 voru mun meiri lokanir en þá voru að meðaltali 67 rúm lokuð af 646 rúmum og var þá samtals 109 rúmum lokað um 2 vikna skeið seinni tvær vikurnar í júlí 2019.


Á meðferðasviði verða opin að meðaltali 10 fleiri rúm í sumar en sumarið 2019 og verða 94,8% allra rúma sviðsins opin að meðaltali í sumar. Á aðgerðasviði verða 6 fleiri rúm opin að meðaltali og 86,3% rúm opin af heildarrúmafjölda sviðsins.



Meðferðasvið

Meðferðarsvið hefur yfir 378 rúmum að ráða þegar öll rúm eru fullopin sem er fjölgun um 7 rúm frá 2019.

Sumarið 2020 verða 10 fleiri rúm opin að meðaltali en voru sumarið 2019 (2,6% af heildarfjölda opinna rúma) og munar þar mest um stórauðinn fjölda opinna rúma á lyflækningadeildum, ekki síst yfir hásumarið. Rúmum var fjölgað um 7 á sviðinu; 9 var fjölgað á Landakoti og fækkað um 2 rúm á lungnadeild A6. Vegna húsnæðisbreytinga og Covid-19 faraldurs varð að loka jafnmörgum rúmum tímabundið í staðinn á Landakoti (samaltals 9 rúmum) og fjöldi þeirra rúma sem opin eru stendur því í stað.



Lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta. Samtals eru 131 rúm til ráðstöfunar þegar allt er fullopið en rúmin voru 133 í fyrra (fækkað um 2 rúm á A6, en tímabundið voru opnuð 2 rúm á B7 sem teljast þó ekki með í fullopnum rúmum). Fjögur af þessu 131 rúmi hafa verið lokað undanfarin ár vegna mannekleu (12E) og oftast eru 2 rúm lokað á Grensási þegar nota þarf tvíbýli sem einbýli. Meðaltalslokun rúma í sumar er aðeins áætluð 5 rúm (4%) en 18 rúm (13%) voru að meðaltali lokað sumarið 2019.

Allar deildir lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu verða fullopnar og verður B7 starfsrækt sem 16 rúma deild í vor og sumar en hefur talist vera 14 rúma deild. ~~Sennilega verða 5 af 15 opnum rúmum 12E lokað í 2 vikur frá 20. júlí fram yfir verslunarmannahelgi. Þær tvær vikur verða því 9 rúm lokað m.v. fullopin rúm en 4 rúm lokað hinar vikurnar.~~ Uppfært 10. júlí: Engin lokun verður á 12E í sumar, þar verða áfram 15 rúm opin.

Samdráttur verður á dag- og göngudeildarþjónustu eins og fyrri ár. Lágmarksopnun verður á dagdeild B7 dagana 4. til 7. ágúst, innkirtlagöngudeildin á A3 verður með lágmarksstarfsemi í júlí og húðþjónustan verður lokað að mestu 13. júlí-31. ágúst


Öldrunarþjónustan hefur yfir 145 rúmum að ráða þegar öll rúm eru fullopin. Það er fjölgun um 9 rúm frá árinu áður eftir að gangur L5 var tekinn í notkun frá 1. apríl s.l. Vegna húsnæðisbreytinga á deildum á Landakoti og Covid-19 faraldurs hefur rúmum verið fækkað um samtals 9 á öðrum deildum og teljast því 9 rúm vera lokað í sumar af framangreindum ástæðum en heildarfjöldi opinna rúma er óbreyttur frá fyrra ári, 136 rúm. Fimm daga deildinni á L3 var lokað um mitt sumar 2019 en starfsemi á dag- og göngudeild Landakots aukin. Dagdeildinni á L0 var lokað vegna Covid-19 faraldurs, til skoðunar er að opna hana í breyttu formi 4. ágúst. Göngudeild á L1 Landakoti er lokað frá 3. júlí til 4. ágúst.

Geðþjónustan hefur samtals 102 rúm, jafnmörg 7-daga rúm og árið 2019 en 11 rúma 5-daga deild var lokað árið 2019 og starfseminni breytt í dagdeildarþjónustu. Allar geðdeildir verða fullopnar nema 16 rúmum af 31 verður lokað á móttökugeðdeild 33A í rúmar 5 vikur frá föstudeginum 26. júní fram yfir verslunarmannahelgi. Lágmarksstarfsemi verður í sumar hjá ýmsum teymum geðsviðs á dag- og göngudeildum.

Aðgerðasvið

Aðgerðasvið hefur 274 rúm þegar öll rúm eru fullopin sem er tímabundið einu rúmi færri en árið áður vegna húsnæðisbreytinga á blóð- og krabbameinslækningadeild á gangi 11E og 11G.

Eins og undanfarin sumur er valkvæðum skurðaáðgerðum fækkað yfir hásumarið og er samræmdur samdráttur á starfsemi á skurðstofa og legudeilda. Sumarið 2020 verða 6 fleiri rúm opin að meðaltali en voru sumarið 2019 (2% af heildarfjölda opinna rúma).



Skurðlækningar hafa 94 rúm þegar allt er fullopið eins og árið á undan. Hins vegar hefur tekist að opna 6 fleiri rúm og verða 22 rúm lokað að meðaltali í sumar (23% af rúmafjölda) en 25 rúm (27%) voru lokað að meðaltali sumarið 2019. Eftirtaldir deildir loka rúmum í sumar:

Kviðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG, fækkar um 4 rúm (úr 18 í 14) í 1,5 viku 31. júlí til 10. ágúst
Brjósthols- og augnskurðeild 12G, fækkar um 2 rúm (úr 14 í 12) í 5 vikur 29. júní til 4. ágúst
Lýta/æða/HNE A4, fækkar um 6 rúm (úr 18 í 12) í 9 vikur 15. júní til 16. ágúst
Bæklunarskurðeild B5, fækkar um 6 rúm (úr 18 í 12) í 9 vikur 15. júní til 16. ágúst
Heila-, tauga og bæklunarskurðeild B6, fækkar um 2 rúm (úr 14 í 12) í 9 vikur 15. júní til 16. ágúst

Dagdeild 13D sem venjulega er opin frá kl. 7:00 til 21:00 lokar kl. 19:00 frá 15. júní og frá kl. 16:00 í 3 vikur 13. júlí til 3. ágúst. Opin kl. 07:00-19:00 3. til 16. ágúst og fullopnar síðan frá kl. 07:00 til 21:00 frá 17. ágúst.

Göngudeild augndeildar að Eiríksgötu lokar 6. júlí til 3. ágúst en dagdeildin verður opin í sumar. Speglun verður með lágmarksopnun.

Skurðstofur og gjörgæsla. Gert er ráð fyrir 14 gjörgæslurúmum, 7 við Hringbraut og 7 í Fossvogi.

Gjörgæslan í Fossvogi hefur undanfarið haft 1 stæði lokað af 7 vegna manneklu og verður það óbreytt í sumar. Gjörgæslan við Hringbraut lokar einu stæði (úr 7 í 6) frá 15. júní til 10. ágúst.

Lágmarksopnun skurðstofa verður frá 22. júní til 17. ágúst en skert starfsemi vikunnar fyrir og eftir. Vökunun við Hringbraut og í Fossvogi munu hafa lágmarksopnun í 8 vikur tímabilið 15. júní til 10. ágúst. Vökunun við Hringbraut mun hafa lokað að nóttu á tímabilinu og verður vökunun á kvennadeild alveg lokað á sama tímabili.

Kvenna- og barnþjónusta hefur 92 rúm eins og 2019. 15% rúma verða lokað að meðaltali eins og sumarið 2019 (14 rúm). Eftirtaldar deildir loka rúmum í sumar:

Barnadeild 22ED fækkar um 7 rúm (úr 21 í 14) í 9 vikur tímabilið 15. júní til 17. ágúst

Kvenlækningadeild 21A fækkar um 5 rúm (úr 13 í 8) í 9 vikur tímabilið 15. júní til 17. ágúst

Barna- og unglingageðdeild BUGL fækkar um 8 rúm (úr 17 í 9) í 8 vikur tímabilið 15. júní til 10. ágúst og Rjóður lokar í 4 vikur frá 6. júlí fram yfir verslunarmannahelgi.

Hjarta- og æðþjónusta hefur 34 legurými á deild 14EG og verða þau fullopin í sumar.

Hjartagátt verður opin frá kl. 08:00-16:00 frá 20. júlí til 7. ágúst virka daga í stað kl. 08:00-20:00 virka daga.

Krabbameinsþjónusta hefur samtals 40 rými sem er tímabundin fækkun um 1 rými vegna húsnæðisendurbóta á gangi 11E og 11G. Full starfsemi verður á þeirri deild sem og líknardeild í Kópavogi.